

## FJALLSKILAREGLUGERÐ

fyrir Suður-Múlasýslu, Neskaupstað og Eskifjarðarkaupstað.

### I. KAFLI

#### Um stjórn fjallskilamála.

##### 1. gr.

Hreppar Suður-Múlasýslu, Neskaupstaður og Eskifjarðarkaupstaður eru eitt fjallskilaumdæmi.

Hver hreppur og hver kaupstaður innan fjallskilaumdæmisins er sérstök fjallskiladeild.

Sýslunefnd getur heimilað samsetningu fjallskiladeilda, óski viðkomandi sveitarstjórnir eftir því, að undangenginni fundarsamþykkt meirihluta fjallskilaskyldra aðila í hverri fjallskiladeild, enda hafi verið boðað til fundarins með dagskrá.

Fer þá um stjórn og framkvæmd fjallskilamála eftir samkomulagi viðkomandi fjallskiladeilda, enda verði það samþykkt af sýslunefnd.

##### 2. gr.

Sýslunefnd hefur á hendi yfirstjórn allra fjallskilamála í fjallskilaumdæminu, en hreppsnefnd eða bæjarstjórn annast stjórn og framkvæmd þeirra í hverri fjallskiladeild, tekur allar ákvarðanir um fjallskil og aðrar framkvæmdir samkvæmt reglugerð þessari og úrskurðar ágreinings- og kærumál er upp koma innan fjallskiladeildarinnar. Úrskurði sveitarstjórnar má skjóta til sýslunefndar.

##### 3. gr.

Í gerðabók sveitarstjórnar skal skrá niðurröfnun fjallskila og yfir höfuð allar ákvarðanir, er hún gerir viðvíkjandi fjallskilum, leitum, réttum og göngum.

### II. KAFLI

#### Um notkun beitolanda.

##### 4. gr.

Fjallskilasamþykkt þessi tekur til allra landa innan takmarka Suður-Múlasýslu, hvort sem teljast óbyggðir, afréttir eða heimalönd.

##### 5. gr.

Afréttir skulu teljast hinir sömu og að undanförunu hafa verið, nema að til komi breytingar samkv. 5. gr. laga nr. 42, 1969. Skal sýslunefnd semja skrá um alla afrétti

og upprekstrarlönd og landamerki þeirra og færa inn jafnharðan, ef breytingar eru gerðar. Skal skrá þessi geymd í skjalasafni sýslunnar og tiltæk þeim er sjá vilja.

#### 6. gr.

Hafi sveitarfélag sameiginlegan afrétt eiga þeir hreppsþúar, sem landsafnot hafa, rétt á að reka þangað búfé sitt.

Sveitarstjórn getur þó, ef afréttarland er þröngt, takmarkað tölu búfjár frá eigendum. Skal hún þá taka tillit til stærðar og heitarþols heimajarðar manna. Sveitarstjórn getur og hlutast til um, að fé sé rekið í lönd einstakra jarða, enda sé landeigandi því samþykkur. Sveitarstjórn getur skyldað menn til að reka á afrétt sé hann fánlegur, enda sé þröngt í heimalöndum þeirra, eða fé valdi ágangi á nággrannajarðir.

#### 7. gr.

Sveitarstjórn getur ákveðið gjald fyrir upprekstur. Rennur gjaldið í sveitarsjóð eða fjallskilasjóð. Sé um einkalönd að ræða ákveðst gjaldið til landeiganda og eftir samkomulagi við hann.

Ákvörðun um upphæð hagatolla breytist árlega í samræmi við verð á búvöru.

#### 8. gr.

Enginn má taka til hagagöngu búfé utansveitarmanna án samþykkis sveitarstjórnar, nema öruggt sé að slíkur fénaður valdi ekki ágangi á nággrannajarðir eða afrétt.

#### 9. gr.

Óheimil eru öll afnot af landi nema með leyfi viðkomandi ábúanda eða sveitarfélags, ef um afrétt er að ræða þar með talin grasnyt og veiðiskapur hvers konar. Eigendum eyðijarða er og óheimilt að ráðstafa landsnyttjum, nema með samþykki þeirra, er hafa þær á leigu, eða með samþykki hreppsnefnda ef óleigðar eru.

Sé þá tryggt, að nággrannajarðir eða ábúendur þeirra bíði ekki tjón, eða óþægindi af.

### III. KAFLI

#### Um ágang og ítölu.

#### 10. gr.

Nú eru beutilönd talin ofsetin af þeim er fé eiga og gróðurfar talið fara þar hnignandi. Er þá hreppsnefnd skyllt að leita þeirra úrræða sem um getur í 3. kafla laga nr. 43, 25. maí 1976.

#### 11. gr.

Ef sveitarfélag, hluti þess, eða einstaka jarðir verða fyrir miklum ágangi utan-sveitarfjár í lönd sín, svo að spilli fyrir búskaparaðstöðu á jörðum, eða valdi óeðlilega mikilli fyrirhöfn getur sveitarstjórn krafist ítölu í lönd þeirra er ágangsféð eiga, sbr. 3. kafla laga nr. 43, 1976. Skyllt er þá hreppsnefndum beggja að leita úrræða eða samkomulags.

#### 12. gr.

Nú gengur margt fé leyfislaut í afrétt annarrar sveitar og skal þá sveitarstjórn þeirrar sveitar, er féð á, skyllt að kveðja menn í fyrstu og aðrar göngur í þær sveitir er fyrir ágangi verða, ef sveitarstjórn þar gerir kröfu til.

Krafa um slíka gangnamenn skal byggð á fjártölum í fyrstu réttum næsta haust á undan. Laun þessara gangnamanna greiðast úr sjóði þeirrar sveitar er féð tilheyrir.

## IV. KAFLI

## Um vorsmölun.

## 13. gr.

Sveitarstjórn getur ákveðið eina vorsmölun til rúnings og eftirlits með fé og skylt er henni að gera það, ef meiri hluti fjáreigenda í hreppnum óskar þess.

Skal þá gæta þess vandlega að fé verði ekki fyrir óþarfa þvælingi og að lömb ringlist ekki frá mæðrum sínum. Gildir þetta bæði um afrétti og heimalönd.

Skylt er að marka lömb áður en þeim er sleppt. Þó má merkja lömb með viðurkendum merkjum sem sýna tákn eiganda, hrepps hans og sýslu. Ef fé er ekki í vörslu um burð skal fjáreigandi gera smölu til að marka lömb og ljúka því áður en 12 vikur eru liðnar af sumri.

## V. KAFLI

## Um fjallskil að hausti.

## 14. gr.

Á allar afréttir og upprekstrarlönd skal gera minnst tvær almennar göngur á hausti, á tímabilinu 18. september til 20. október og síðan eftirleitir eftir þörfum meðan fjárvon er á leitarsvæðinu.

Sveitarstjórn ákveður gangnadaga hver í sinni fjallskiladeild. Allar göngur og eftirlitsferðir skulu fara fram fyrir lok októbermánaðar haust hvert svo og öll hreinsun heimalanda. Tilkynna skal sveitarstjórnnum þeirra hreppa, sem kindavon eiga í aðalréttum hreppsins hvenær réttað verður, og skal hver sveitarstjórn sjá um að sækja sitt fé í réttina. Skylt er að smala öll heimalönd og eyðijarðir í hreppum samhliða afréttum, eftir því sem frekast er kostur, svo að sem flest utansveitarfé komist í réttarsafn. Í þeim sveitarfélögum, sem enga afrétt hafa, skal sveitarstjórn sjá um, að utansveitarfé sé tilbúið til flutnings í einu lagi, eftir að göngum er lokið í öllum hreppum.

## 15. gr.

Allir þeir sem búfé hafa undir höndum eru fjallskilaskyldir og ber að taka þátt í smölu afrétta og hreinsun heimalanda eftir því, sem sveitarstjórn ákveður hverju sinni.

Sveitarstjórn raðar niður gangnadagsverkum og öðrum fjallskilum á fjáreigendur eftir fjártölu á fóðrum næstliðinn vetur.

Meta má smölu heimalanda til fjallskila, og skal þá fara eftir viðáttu heimalands og líklegum fjárfjölda.

Leggja skal jafnmargar kindur í dagsverk hjá öllum fjáreigendum í hreppnum, svo og þeim er upprekstur fá í lönd hreppsmanna. Skylt er og þeim, er eyðijarðir eiga, að gera fjallskil, eða semja við ábúendur nærliggjandi jarða, sem fé kunna að eiga í landi eyðibýlisins. Sé sannað að lönd nábúanna séu svo þröng að ekki rúmi fé þeirra, en gangi í landi eyðibýlisins, getur sá, er eyðibýlið á, krafið um gangnadagsverk fyrir þetta fé, eftir sömu reglu og hreppsnefnd gerir almennt.

Heimilt er sveitarstjórn að leggja hluta fjallskilakostnaðar á landverð jarða samkvæmt fasteignamati, að frádregnu verði ræktaðs lands. Skal þá fyrst og fremst nota slíkt fjármagn, til að byggja og halda við réttum á vegum fjallskiladeildarinnar.

## 16. gr.

Sveitarstjórn skipar gangnaforingja á öll gangnasvæði í hreppnum. Skal hann kalla saman gangnamenn og sjá til að þeir mæti í göngur, eða maður í þeirra stað. Einnig skipar sveitarstjórn réttarstjóra í allar afréttir í hreppnum. Skal hann

sjá um að dráttur fari vel og skipulega fram, svo og um öll skil á fé frá réttinni. Gangnamenn eru skyldir að taka þátt í sundurdrætti í réttum, nema leyfi réttarstjóra komi til.

Sveitarstjórn skal hafa lokið niðurröðun fjallskila það tímanlega á hausti hverju, að hægt sé að boða öllum viðkomandi áður en fjallskil eiga að hefjast.

#### 17. gr.

Allir fjáreigendur eru skyldir til að gera þau fjallskil er sveitarstjórn leggur á þá, og eru í samræmi við fjallskil þau er öðrum sveitarbúum er gert að inna af hendi. Bágstöddum mönnum má þó veita undanþágu að einhverju eða öllu leyti. Einnig þeim er hafa fé sitt í eyjum eða fjárheldum girðingum sumarlangt.

#### 18. gr.

Sveitarstjórnir skipa fjallskiladeildum í gangnasvæði, ákveða tölu gangnamanna og hvar skuli réttað. Einnig hverjir skuli sækja fé til nærliggjandi sveita úr hverjum göngum.

#### 19. gr.

Gangnaforingi skal alltaf vera sjálfur í göngum á sínu leitarsvæði, og sker hann úr um það, hverjir séu fullgildir gangnamenn. Raðar hann niður mönnum á leitarsvæðið og ákveður hvar og hve langt skuli leitað. Eru gangnamenn skyldir að fara að fyrirmælum hans. Ef vanræksla á slíkum fyrirmælum veldur mishæppnuðum göngum getur gangnaforingi úrskurðað það gangnarof, og fer um það, sem um vanrækslu á fjallskilum sé að ræða.

Gangnaforingi skal sjá um fjársafn, þar til í rétt er komið, og má enginn gangnamaður yfirgefa safnið fyrr, nema með leyfi gangnaforingja.

#### 20. gr.

Vanræki einhver, án lögmætra ástæðna, að gera þau fjallskil, er honum var gert að inna af hendi, skal hann gjalda í sveitarsjóð eða fjallskilasjóð, fyrir hvert vanrækt dagsverk, sem svarar einu og hálfu gangnadagsverki, eins og það er metið á hverjum tíma.

Gangnaforingi eða sveitarstjórn skal í hvert sinn reyna að fá mann í stað þess er vanrækir, og greiðist sá kostnaður úr sveitarsjóði, eða fjallskilasjóði.

#### 21. gr.

Þyki einhverjum niðurjöfnun fjallskila ekki rétt, og vilji fá leiðréttingu þar á, ber honum engu að síður að inna þau af hendi, en sent getur hann rökstudda kæru til sveitarstjórnar fyrir lok októbermánaðar og óskað leiðréttingar. Fer þá um hana sem annað, er úrskurða þarf um afrétta- og fjallskilamál, sbr. 2. gr.

#### 22. gr.

Hver búandi, og eigendur eyðibýla, eru skyldir til að smala heimalönd jarða sinna svo oft á hausti, sem sveitarstjórn ákveður, og reka skilvíslega til réttar allt óskilafé. Þar sem afréttir eða heimalönd tveggja eða fleiri fjallskiladeilda liggja saman án hindrana af náttúruvöldum eða öruggri vörslu, er sveitarstjórnnum skylt að hafa samráð um samsmölun, sem nær yfir allar viðkomandi deildir minnst einu sinni á hausti.

#### 23. gr.

Ef fé sést á afréttum eða leitarsvæðum, eftir að göngum er lokið að hausti, og það hefur ekki áður komið til eigenda er sveitarstjórn skylt að sjá svo um að fé þessu verði náð eins fljótt og tók eru á. Ef óaðkomið fé gengur á leitarsvæðum eftir 10.

nóv. er hverjum sem er, heimilt að ná fénu gegn fundarlaunum, sem nemi  $\frac{1}{3}$  hluta af skattmati fjárins.

Greiddi sveitarsjóður þess hrepps, sem féð fannst í, fundarlaunin, en á endurkröfurétt á helmingi upphæðarinnar hjá fjáreigendum.

## VI. KAFLI

### Um réttir og skil.

#### 24. gr.

Í hverri fjallskiladeild skal vera minnst ein aðalrétt og aukarétt eftir þörfum, og ákvörðun sveitarstjórna þar um. Sveitarstjórn sér um byggingu og viðhald aðalréttta og aukaréttta eftir samkomulagi við ábúendur þeirra jarða er réttina nota. Réttir skulu vera nægilega stórar og örugglega fjárheldar, og fjöldi dilka við hæfi á hverjum stað.

#### 26. gr.

Allar aukaréttir heyra undir aðalrétt hvernar fjallskiladeildar. Til aðalréttar skal rekið eða flutt úrtíningsfé frá aukaréttum og heimalöndum. Þar sem margt aðkomufé er samleið á, kemur saman í aukarétt, getur sveitarstjórn ákveðið, að viðkomandi aðilar taki féð þar.

Enginn má taka fé af aðalrétt fyrr en drætti er að fullu lokið, nema með leyfi réttarstjóra. Ef ágreiningur verður um mörk á kindum sker réttarstjóri úr, eða þeir menn er hann kveður til þess.

Ómerkinga og óskilafé, sem ekki finnst eigandi að, skal réttarstjóri koma til hreppstjóra viðkomandi hrepps og ber honum að fara að svo sem fyrir er mælt í VIII. kafla laga um afréttarmálefni og fjallskil o. fl. nr. 42 12. maí 1969.

#### 26. gr.

Sveitarstjórn skal að loknum hverjum almennum göngum í fjallskiladeildinni, sjá um að því utansveitarfé, sem fyrir kemur úr nærliggjandi sveitum og samleið á, verði safnað saman á einn stað í örugga vörslu. Ber oddvitum sveita, er féð tilheyrir að láta sækja það eins fljótt og auðið er, eða um er samið.

Verði féð ekki sótt innan tilskilins tíma eða gerð viðunandi grein fyrir því, ber sá hreppur, sem við fénu átti að taka allan kostnað af geymslu þess og fyrirhöfn við það, þar með talinn flutning til viðtökusveitar.

Komi fé fyrir eftir að fjallskilum er lokið 20. október skal tilkynna eigendum fjárins það og skulu þeir sjálfir sækja féð.

#### 27. gr.

	Aðalréttir	Aukaréttir
Eiðahreppur	Mýnesrétt Hjartarstaðarétt	Gilsárteigsrétt
Egilsstaðahreppur	Steinholtarétt	
Vallahreppur	Hallormsstaðarétt Hnúturétt	
Skriðudalshreppur	Múlarétt	Geitadalsrétt Haugarétt
Mjóafjarðarhreppur	Fjarðarétt	Gilsártangarétt Brekkurétt
Norðfjarðarhreppur	Skálateigsrétt	
Neskaupstaður		

	Aðalréttir	Aukaréttir
Helgustaðahreppur	Litla-Breiðavíkurrétt	Innstekksrétt
Eskifjarðarkaupstaður	Eskifjarðarrétt	
Reyðarfjarðarhreppur	Kollaleirurétt	
Fáskrúðsfjarðarhreppur		
Búðahreppur	Búðarétt	
Stöðvarhreppur		
Breiðadalshreppur	Höskuldsstaðarétt	Hlíðarændarétt
	Fellsrétt	Skjöldólfsstaðarétt
Beruneshreppur	Berufjarðarrétt	
	Fossgerðisrétt	
Búlandshreppur	Borgargarðsrétt	Hálsrétt
		Teigarhornsrétt
Geithellahreppur	Starmýrarrétt	Bragðavallarrétt
	Hamarsselsrétt	Múlarétt
		Kambsselsrétt
		Hofsrétt
		Flugustaðarétt

Heimilt er sveitarstjórn að færa til réttir, ef aðstæður breytast og meiri hluti þeirra, er afréttinn nota óska þess. Einnig getur sveitarstjórn ákveðið að breyta aukarétt í aðalrétt og skal það þá tilkynnt nágretta sveitarstjórnnum og sýslunefnd.

## VII. KAFLI

### Um markaskrá.

#### 28. gr.

Markaskrá skal vera í tveim köflum.

1. kafli. Eyrnamörk í töluröð eftir stafrófi. Aftan við í sömu línu komi nafn eiganda, heimili, hreppur eða kaupstaður.
2. kafli. Brennimörk eftir stafrófsröð og nöfn markeigenda aftan við. Enginn má nota tölustafi eða táknmyndir eingöngu sem brennimörk.

Í skránni skal vera listi yfir númeratölu bæja og hreppa í sýslunni sbr. reglugerð nr. 113 1968 um litamerkingar sauðfjár.

#### 29. gr.

Hver hreppur skal hafa hreppsmerki og er hverjum fjáreiganda skylt að merkja með því fullorðið fé sitt. Skal hyrnt fé merkt með brennimarki á vinstra horn, en kollótt fé með plötu í vinstra eyra.

Hreppsmerki skulu vera þessi:

Í Eiðahreppi SM 1, í Vallahreppi SM 2, í Skriðudalshreppi SM 3, í Mjóafjarðarhreppi SM 4, í Norðfjarðarhreppi SM 5, Reyðarfjarðarhreppi SM 6, í Fáskrúðsfjarðarhreppi SM 7, í Breiðadalshreppi SM 8, í Beruneshreppi SM 9, í Geithellahreppi SM 10, í Stöðvarhreppi SM 11, í Búðahreppi SM 12, í Eskifjarðarkaupstað SM 13, í Helgustaðahreppi SM 14, í Neskaupstað SM 15, í Búlandshreppi SM 16, í Egilstaðahreppi SM 17.

#### 30. gr.

Sýslunefnd skal láta prenta markaskrár sýslunnar 8. hvert ár, eða oftár ef sérstakar ástæður þykja til. Hver markeigandi er skyldur til að láta prenta mark sitt, eða mörk, í markaskránni hverju sinni, og gjalda fyrir svo sem sýslunefnd ákveður.

Hver markeigandi á rétt til að fá ókeypis eitt eintak af hinni nýju markaskrá. Mark,

sem hvorki er prentað í gildandi markaskrá, né heldur auglýst í Lögbirtingablaði, skal niður fallið. Þó skal sá er áður átti slíkt mark, eiga forgangsrétt að því, allt að 8 árum, eða þar til markaskrá er gefin út að nýju, hafi það þá ekki verið löglega tekið upp af öðrum.

Sýslunefnd sér um að nægilega margar markaskrár séu sendar í þá hreppa utan sýslu, er fjársamgöngur eru við.

Gjald það, er sýslunefnd ákveður fyrir mörkin, skal áætla svo hátt, að það nægi fyrir kostnaði við markasöfnun, skrásetningu og prentun markanna. Verði afgangur rennur hann í sýslusjóð, en nægi gjaldið eigi fyrir öllum kostnaði, greiðir sýslusjóður það sem á vantar.

### 31. gr.

Sýslunefnd kys einn mann til þess að hafa umsjón með upptöku marka og búa markaskrá undir prentun. Þóknun fyrir þetta starf fær hann eftir því sem semur og skal hún talin með kostnaði þeim, sem nefndur er í 30 gr.

Starfstilhögun markavarðar getur sýslunefnd ákveðið nánar.

## VIII. KAFLI

### Ýmis ákvæði.

#### 32. gr.

Skylt er hverjum sláturleyfishafa að hafa markglöggan mann í sláturrétt meðan á aðalslátrun stendur. Skal hann hafa vakandi auga með því að misdráttur eða ruglingur eigi sér ekki stað á sláturfé. Telji hann eignarheimild á kind eða kindum vafasama skal hann þegar leita nánari upplýsinga þar um. Einnig skal hann sjá um að vel fari um fé í sláturrétt, þar sé ekki of þröngt og fé ekki svelt að óþörfu og alls ekki lengur en sólarhring í einu án beitar.

#### 33. gr.

Enginn má senda fé til slátrunar, nema með samþykki eiganda, enda sjái hann þá um að slátrun á því og geri eiganda tafarlaust grein fyrir einkennum þess og númerum eyrnamerkja ef á því er. Heimilt er þó án samþykkis eiganda, að slátra lömbum, sem koma fyrir eftir löggöngur, og skal eiganda tilkynnt um það á sama hátt.

#### 34. gr.

Jafnan skal vera á sýsluskrifstofunni nokkurt upplag af reglugerð þessari sérprentað. Skal það afhent nýjum sveitarstjórnarmönnum, réttarstjórum og gangnaforingjum, og öðrum, er þurfa eftir henni að fara.

#### 35. gr.

Brot gegn fyrirmælum þessarar reglugerðar varða sektum frá 5 000.00 til 50 000.00 krónum, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum og skal renna í sveitarjóð þeirrar sveitar, sem brot er framið í.

Með mál skal farið að hætti opinberra mála.

#### 36. gr.

Fjallskilasamþykkt þessi, sem sýslunefnd Suður-Múlasýslu hefur samið, staðfestist hér með samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 58, 29. mars 1961 og 3. gr. laga um afréttarmálefni, fjallskil o. fl. nr. 42 12. maí 1969 til þess að öðlast gildi frá og með 1. september 1977 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Með reglugerð þessari er fjallskilareglugerð fyrir Suður-Múlasýslu nr. 81 10. apríl 1936 úr gildi felld.

*Landbúnaðarráðuneytið, 28. ágúst 1977.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Haukur Jörundarson.*

Nr. 384.

6. október 1977.

## AUGLÝSING

**um skipulag í Eyrarbakkahreppi í Árnassýslu.**

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins hefur ráðuneytið samkvæmt heimild í 4. gr. laga nr. 19 21. maí 1964 ákveðið að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 skuli ná til Eyrarbakkahrepps í Árnassýslu að undanskildum nauðsynlegum byggingum vegna búrekstrar á lögbýlum.

*Félagsmálaráðuneytið, 6. október 1977.*

F. h. r.

**Jón S. Ólafsson.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

Nr. 385.

10. október 1977.

## AUGLÝSING

**um tímabundna breytingu á reglugerð um Grænmetisverslun  
landbúnaðarins, mat og flokkun kartafna og græn-  
metis nr. 162 28. september 1962.**

**1. gr.**

3. málsgrein 14. gr. orðist svo:

II. flokkur.

Í annan flokk koma þau afbrigði, sem Tilraunaráð landbúnaðarins ákveður. Afbrigðin skulu vera vel aðgreind, þurr og vel útlítandi. Íblöndun annarra afbrigða ekki yfir 3%. II. flokkur skiptist á eftirfarandi hátt:

II. flokkur A. Í þennan flokk koma kartöflur sem eru aðgreindar í tvo stærðar-flokka. Annarsvegar með notkun 30—50 mm. netsigtis og hinsvegar þar af stærri.

II. flokkur B. Í þennan flokk koma kartöflur sem ekki flokkast frá með notkun 28 mm. netsigtis, og er óheimilt að breyta þeirri stærðardreifingu sem þannig fæst með því, fyrir eða eftir flokkun, að bæta í eða taka úr einstaka stærðarflokka. Þó skal magn kartafna, sem flokkast myndi á 28—30 mm. netsigti, ekki fara yfir 17% af heild í þessum flokki. Fari magn kartafna af þessari stærð yfir 17%, flokkast þær sem þriðji flokkur.

Kartöflur í II. flokki mega ekki vera grænar, skemmdar af myglu, rotnun eða frosti. Kláði og aðrir hýðissjúkdómar séu undir 5%.

**2. gr.**

Reglugerðarbreytingin skal gilda fyrir uppskeru á íslenskum kartöflum haustið 1977, nema annað verði ákveðið og öðlast þegar gildi.